REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 137/1989, um jöfnunartoll á innfluttar kökur og majones.

1. gr.

Í stað tnr. 1905.9009 í 1. gr. reglugerðarinnar komi tnr. 1905.9040.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 118. gr. tollalaga nr. 55/1987, til að öðlast gildi 15. júlí 1989.

Fjármálaráðuneytið, 10. júlí 1989.

Ólafur Ragnar Grímsson.

Guðrún Ásta Sigurðardóttir.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 47/1989, um vörugjöld, með síðari breytingum.

1. gr.

Eftirfarandi breytingar eru gerðar á viðauka I við reglugerðina:

1. Nr. 4418.2000 falli brott.
   Í stað komi:
   Hurðir og karmar og þröskuldar til þeirra:
   4418.2001 Innihurðir
   4418.2002 Útihurðir
   4418.2009 Annað

2. Nr. 7314.4200 orðist svo:
   Húðað með plasti.

3. Nr. 7321.8100 orðist svo:
   Fyrir gas eða fyrir bæði gas og annað eldsneyti.

4. Nr. 8527.1101 orðist svo:
   Með segulbandstæki.

5. Nr. 8527.1102 orðist svo:
   Með plötu- eða geislaspilara og segulbandstæki.

6. Nr. 8527.2101 orðist svo:
   Með segulbandstæki.

7. Nr. 8527.2102 orðist svo:
   Með plötu- eða geislaspilara og segulbandstæki.

8. Nr. 8527.3101 orðist svo:
Með segulbandstæki.

9. Við viðaukann bætist nr. 8527.3102 er orðist svo:
8527.3102 Með plötu- eða geislaspilara og segulbandstæki.

10. Nr. 8527.3103 falli brott.

11. Nr. 8527.9009 orðist svo:
Annars, þó ekki sérhönnuð viðtæki fyrir firðtals- eða loftskeytasendingar, þ.m.t. fyrir neyðarmerki frá skipum og flugvélum.

12. Við viðaukann bætist nr. 8529.9002 er orðist svo:
8529.9002 Til tækja í nr. 8528.1002.

13. Nr. 8529.9009 orðist svo:
8529.9009 Annars, þó ekki til tækja í nr. 8525, 8526, 8527.9001, 8528.1001, 8528.1002, 8528.1003, 8528.2001 og 8528.2002.

14. Í stað nr. 9403.4000 komi:
Viðarhúsgögn til nota í eldhúsi:
9403.4001 Innréttingar og einingar þeirra.
9403.4009 Önnur.

15. Við viðaukann bætist nr. 9403.5002 er orðist svo:
9403.5002 Innréttingar og einingar þeirra.

16. Við viðaukann bætist nr. 9403.6003 er orðist svo:
9403.6003 Innréttingar til nota í baðherbergi og einingar til þeirra.

2. gr.

Eftirfarandi breytingar eru gerðar á viðauka II við reglugerðina:

1. Nr. 1905.3000 falli brott. Í staðinn komi:
Sætakex, vöfflur og kexþynnur:
Húðað eða hjúpað súkkulaði eða með kremi sem inniheldur kakaó:
1905.3011 Sætakex (þ.m.t. smákökur)
1905.3019 Annað.
Annað:
1905.3091 Sætakex (þ.m.t. smákökur)
1905.3099 Annars.

2. Nr. 2203.0009 falli brott.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 11. gr. laga nr. 97/1987, um vörugjald, með síðari breytingum, til að öðlast gildi 15. júlí 1989.

Fjármálaráðuneytið, 10. júlí 1989.

Ólafur Ragnar Grímsson.

Guðrún Ásta Sigurðardóttir.